

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 175/2022

2022/EES/66/11

frá 10. júní 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1752 frá 1. október 2021 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 að því er varðar útreikning, sannpröfun og skýrslugjöf um gögn um sérstaka söfnun á einnota plastflöskum fyrir drykkjarvörur sem verða að úrgangi ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9da (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/958) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„9daa. **32021 D 1752**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1752 frá 1. október 2021 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 að því er varðar útreikning, sannpröfun og skýrslugjöf um gögn um sérstaka söfnun á einnota plastflöskum fyrir drykkjarvörur sem verða að úrgangi (Stjtið. ESB L 349, 4.10.2021, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/1752, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 4.10.2021, bls. 19.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.